



**Samandreginn  
árshlutareikningur  
1. janúar til 30. júní 2008**

Landsnet hf.  
Gylfaflöt 9  
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla stjórnar .....	3	Eiginfjáryfirlit .....	7
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	4	Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	9
Efnahagsreikningur .....	6		

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

## Almennt

Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

## Rekstur tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2008

Tap varð af rekstri félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2008 að fjárhæð 4.472,2 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok tímabilsins nam 7.398,5 milljónum króna að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 5.903 milljónir króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn félagsins ákvað að nýta sér heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 um að færa upp varanlega rekstrarfjármuni samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method) og miðaðist endurmatið við 1. janúar 2008. Endurmatið er annars vegar grundvallað á áætluðu endurbyggingarvirði að frádregnum afskriftum og hins vegar á væntu sjóðflæði til framtíðar. Niðurstaða endurmatsins er að bókfært verð flutningskerfis félagsins hækkar um 8.099 milljónir króna miðað við ársbyrjun 2008. Áhrif endurmatsins á eigið fé eru að það hækkar um 6.884 milljónir króna þegar búið er að taka tillit til áhrifa tekjuskatts. Vísað er til eiginfjárfirlits í árshlutareikningnum varðandi aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

## Hlutafé og samþykktir

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 5.903 milljónum króna og skiptist á fjóra hluthafa en þeir eru:

	Eignarhlutur
Landsvirkjun.....	64,73%
Rarik ohf.....	22,51%
Orkuveita Reykjavíkur.....	6,78%
Orkubú Vestfjarða ohf.....	5,98%

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra


Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningurinn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2008, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 30. júní 2008 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. ágúst 2008.

Stjórn:



Forstjóri



Árshlutareikningur Landsnets hf. janúar til júní 2008

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Landsnets hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning Landsnets hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008, sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum*. Könnun árs hlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árs hlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2008 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 13. ágúst 2008.

KPMG hf.



# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2008

	Skýr.	2008 1.1.-30.6.	2007 1.1.-30.6.
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Tekjur af raforkuflutningi .....	6	4.791.969	3.175.570
Aðrar tekjur .....	7	44.483	26.992
		4.836.452	3.202.562
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Orkukaup og kerfisþjónusta .....		761.538	594.370
Rekstur flutningskerfis .....		1.332.785	967.609
Kerfisstjórn .....		266.210	239.243
Annar rekstrarkostnaður .....		399.303	307.534
		2.759.837	2.108.756
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		2.076.615	1.093.806
Fjármunatekjur .....		30.438	20.057
Fjármagnsgjöld .....		( 7.323.456)	( 1.259.957)
Hrein fjármagnsgjöld .....	10	( 7.293.018)	( 1.239.900)
<b>Tap fyrir tekjuskatt</b> .....		( 5.216.403)	( 146.094)
Tekjuskattur .....	11	744.233	26.282
<b>Tap tímabilsins</b> .....		( 4.472.169)	( 119.812)
<b>Tap á hlut:</b>			
Tap á hverja krónu hlutafjár .....		( 0,76)	( 0,02)
Grunntap - þynnt tap á hverja krónu hlutafjár .....		( 0,76)	( 0,02)

Skýringar nr. 1 til 22 eru óaðskiljanlegur hluti þessa samandregna árshlutareiknings.

# Efnahagsreikningur 30. júní 2008

## Eignir

	Skýr.	2008 30.6.	2007 31.12.
<b>Eignir</b>			
Fastafjármunir í rekstri .....	12	52.094.572	44.236.105
Flutningsvirki í byggingu .....	12	1.712.471	1.506.006
Óefnislegar eignir .....	12	833.624	551.603
Eignarhlutir í félögum .....	13	43.535	41.595
Skatteign .....	11	0	229.363
Fastafjármunir		<u>54.684.202</u>	<u>46.564.672</u>
Birgðir .....	14	292.010	302.331
Afleiðusamningar .....		383.448	369.732
Kröfur á tengd félög .....		532.280	354.589
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	15	502.560	725.283
Handbært fé .....	16	1.574.455	984.259
Veltufjármunir		<u>3.284.753</u>	<u>2.736.194</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>57.968.956</u></u>	<u><u>49.300.866</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....	17	5.902.733	5.902.733
Endurmatsreikningur .....	5	6.884.128	0
Ójafnað eigið fé .....		( 5.388.348)	( 916.179)
Eigið fé		<u>7.398.512</u>	<u>4.986.554</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuldir við tengd félög .....	18	32.314.248	29.915.095
Skuldir við lánastofnanir .....	18	4.573.338	3.238.789
Afleiðusamningar .....		661.051	215.108
Tekjuskattsskuldbinding .....		241.250	0
Aðrar skuldbindingar .....	19	461.130	447.154
Langtímaskuldir og skuldbindingar		<u>38.251.018</u>	<u>33.816.146</u>
Skuldir við tengd félög .....		7.118.470	6.034.415
Afleiðusamningar .....		828.023	150.539
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	21	4.372.932	4.313.212
Skammtímaskuldir		<u>12.319.426</u>	<u>10.498.166</u>
Skuldir samtals		<u>50.570.443</u>	<u>44.314.312</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>57.968.956</u></u>	<u><u>49.300.866</u></u>

Skýringar nr. 1 til 22 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

## Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2008

---

	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Ójafnað tap	Samtals
<b>Breytingar á eigin fé 1. janúar til 31. desember 2007:</b>				
Eigið fé 1. janúar 2007.....	5.502.733	0	(117.727)	5.385.006
Tap ársins.....			(798.452)	(798.452)
Innborgað hlutfé.....	400.000	0		400.000
Eigið fé 31. desember 2007.....	<u>5.902.733</u>	<u>0</u>	<u>(916.179)</u>	<u>4.986.554</u>
 <b>Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2008:</b>				
Eigið fé 1. janúar 2008 .....	5.902.733	0	(916.179)	4.986.554
Endurmat flutningskerfis 1. janúar 2008.....		8.098.974		8.098.974
Tekjuskattsáhrif af endurmati.....		(1.214.846)		(1.214.846)
Tap tímabilsins.....			(4.472.169)	(4.472.169)
Eigið fé 30. júní 2008.....	<u>5.902.733</u>	<u>6.884.128</u>	<u>(5.388.348)</u>	<u>7.398.512</u>

Skýringar nr. 1 til 22 eru óaðskiljanlegur hluti þessa samandregna árshlutareiknings.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2008

	Skýr.	2008 1.1.-30.6.	2007 1.1.-30.6.
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Innborganir frá viðskiptavinum .....		4.881.792	3.277.105
Greiddur rekstrarkostnaður .....	(	1.833.267)	( 1.669.927)
Handbært fé frá rekstri án vaxta .....		3.048.525	1.607.178
Innborgaðar vaxtatekjur .....		30.438	20.057
Greidd vaxtagjöld og gengismunur .....	(	1.274.791)	( 955.348)
Handbært fé frá rekstri		1.804.172	671.887
<b>Fjárfestingahreyfingar:</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjárumnum .....	12	( 1.108.671)	( 2.041.890)
Söluverð fastafjármuna .....	12	700	1.348
Keyptur eignarhlutur í félagi .....		0	( 15.000)
Ógreiddur framkvæmdakostnaður, lækkun .....		( 249.120)	( 108.845)
Fjárfestingahreyfingar		( 1.357.091)	( 2.164.387)
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Skuldir við tengd félög, breyting .....		0	1.706.676
Fjármögnunarhreyfingar		0	1.706.676
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		447.081	214.176
<b>Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....</b>		143.115	0
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		984.259	307.813
<b>Handbært fé í lok tímabilsins .....</b>		1.574.455	521.989

Skýringar nr. 1 til 22 eru óaðskiljanlegur hluti þessa samandregna árshlutareiknings.



# Efnisyfirlit skýringa

---

	bls.		bls.
1. Félagið .....	10	12. Rekstrarfjármunir .....	13
2. Yfirl. um að alþj. reikningssk.st. sé fylgt .....	10	13. Eignarhlutir í félögum .....	15
3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir .....	10	14. Birgðir .....	15
4. Mat og áætlanir við beitingu reiknings. ....	10	15. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	15
5. Endurmat flutningskerfis .....	10	16. Handbært fé .....	15
6. Rekstrartekjur .....	10	17. Eigið fé .....	15
7. Aðrar tekjur .....	11	18. Langtímaskuldir .....	16
8. Laun og launatengd gjöld .....	11	19. Skuldbinding vegna niðurrifs .....	16
9. Afskriftir .....	11	20. Lífeyrisskuldbinding .....	16
10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	12	21. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	17
11. Tekjuskattur .....	12	22. Aðrar upplýsingar .....	17

# Skýringar

## 1. Félagið

Landsnet hf. er með starfstöðvar sínar á Íslandi og er félagið með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti á vormánuðum 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Landsnets hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2007.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 13. ágúst 2008.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2007, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir vegna endurmats rekstrarfjármuna, sjá skýringu nr. 5 hér á eftir.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Árshlutareikningurinn byggir á upphaflegu kostnaðarverði að teknu tilliti til endurmats og að því undanskildu að afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.

## 4. Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## 5. Endurmat flutningskerfis

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 voru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method). Þannig eru línur og tengivirki félagsins skráðar á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eign var aflað. Endurmat þessara eigna mun verða framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

## 6. Rekstrartekjur

Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:

	2008 1.1.-30.6.	2007 1.1.-30.6.
Orkuflutningur .....	3.925.544	2.050.552
Flutningstap og kerfisþjónusta .....	830.953	596.656
Innmötunargjald .....	35.472	528.362
	<u>4.791.969</u>	<u>3.175.570</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 7. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

	2008 1.1.-30.6.	2007 1.1.-30.6.
Verksölu- og húsaleigutekjur .....	44.483	26.992
	<u>44.483</u>	<u>26.992</u>

### 8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	378.272	352.469
Launatengd gjöld .....	71.648	71.523
	<u>449.920</u>	<u>423.992</u>

### 9. Afskriftir

*Afskriftir greinast þannig:*

Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 12. skýringu .....	843.158	559.478
Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna, sbr. 12. skýringu .....	16.527	7.648
Afskriftir færðar í rekstrarreikning .....	<u>859.685</u>	<u>567.126</u>

*Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:*

Rekstur flutningskerfis .....	790.162	511.028
Kerfisstjórn .....	29.883	25.470
Annar rekstrarkostnaður .....	39.640	30.628
Afskriftir færðar í rekstrarreikning .....	<u>859.685</u>	<u>567.126</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

<i>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:</i>	2008	2007
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Vaxtatekjur .....	30.438	20.057
Fjármunatekjur samtals .....	30.438	20.057
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 2.862.533)	( 1.791.292)
Gengismunur .....	( 4.997.764)	7.691
Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga .....	436.793	0
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags .....	1.940	0
Eignfærðir vextir vegna flutningsvirkja í byggingu .....	98.108	523.644
Fjármagnsgjöld samtals .....	( 7.323.456)	( 1.259.957)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	( 7.293.018)	( 1.239.900)

Hreinn fjármagnskostnaður vegna bygginga á flutningsvirkjum að fjárhæð 98,1 milljónir króna, er eignfærður og hefur verið færður til lækkunar á fjármagnsgjöldum.

Eignfærður fjármagnskostnaður nam 13,0% af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu á tímabilinu.

### 11. Tekjuskattur

Virkt tekjuskattshlutfall félagsins á fyrri helmingi ársins 2008 var 14,25% (18% á sama tímabili árið 2007).

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi lækkun á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 15% frá og með 1. janúar 2008 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2009. Vegna þessa hefur skatteign lækkað um 38 milljónir króna miðað við 31. desember 2007. Lækkunin er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

## Skýringar, frh.:

### 12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

#### *Fastafjármunir í rekstri:*

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
<b><i>Kostnaðarverð</i></b>				
Staða 1.1.2007 .....	11.506.249	18.036.270	1.940.096	31.482.615
Viðbætur á tímabilinu .....	1.344.198	1.709.486	385.379	3.439.063
Flutt af flutningsvirki í byggingu .....	3.162.389	8.507.129	0	11.669.518
Selt og aflagt .....	0	0	( 6.943)	( 6.943)
Staða 31.12.2007 .....	16.012.836	28.252.885	2.318.532	46.584.253
Staða 1.1.2008 .....	16.012.836	28.252.885	2.318.532	46.584.253
Endurmat .....	769.320	7.329.654	0	8.098.974
Viðbætur á tímabilinu .....	381.796	84.742	137.121	603.659
Selt og aflagt .....	0	0	( 1.479)	( 1.479)
Staða 30.06.2008 .....	17.163.952	35.667.281	2.454.174	55.285.407
<b><i>Afskriftir og virðisrýrnun</i></b>				
Staða 1.1.2007 .....	430.230	643.080	89.904	1.163.214
Afskriftir tímabilsins .....	461.124	615.347	111.112	1.187.583
Selt og aflagt .....	0	0	( 2.649)	( 2.649)
Staða 31.12.2007 .....	891.354	1.258.427	198.367	2.348.148
Staða 1.1.2008 .....	891.354	1.258.427	198.367	2.348.148
Afskriftir tímabilsins .....	294.405	488.977	59.776	843.158
Selt og aflagt .....	0	0	( 471)	( 471)
Staða 30.06.2008 .....	1.185.759	1.747.404	257.672	3.190.835
<b><i>Fastafjármunir í rekstri greinast þannig:</i></b>				
	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
<b><i>Bókfært verð</i></b>				
1.1.2007 .....	11.506.249	18.036.270	1.940.096	31.482.615
31.12.2007 og 1.1.2008 .....	15.121.482	26.994.458	2.120.165	44.236.105
30.06.2008 .....	15.978.193	33.919.877	2.196.502	52.094.572

## Skýringar, frh.:

### 12. Rekstrarfjármunir, frh.

#### Óefnislegar eignir og flutningsvirki í byggingu:

	Óefnislegar eignir	Flutn.virki í byggingu
<b>Kostnaðarverð</b>		
Staða 1.1.2007 .....	221.897	9.833.104
Viðbætur á tímabilinu .....	355.638	3.342.420
Flutt af flutningsvirki í byggingu .....	0	( 11.669.518)
Staða 31.12.2007 .....	577.535	1.506.006
Staða 1.1.2008 .....	577.535	1.506.006
Viðbætur á tímabilinu .....	298.547	206.465
Staða 30.06.2008 .....	876.082	1.712.471
<b>Afskriftir og virðisrýrnun</b>		
Staða 1.1.2007 .....	6.167	0
Afskriftir tímabilsins .....	18.499	0
Virðisrýrnun .....	1.266	0
Staða 31.12.2007 .....	25.932	0
Staða 1.1.2008 .....	25.932	0
Afskriftir tímabilsins .....	16.527	0
Virðisrýrnun .....	0	0
Staða 30.06.2008 .....	42.459	0
<b>Bókfært verð</b>		
1.1.2007 .....	221.897	9.833.104
31.12.2007 og 1.1.2008 .....	551.603	1.506.006
30.06.2008 .....	833.624	1.712.471

## Skýringar, frh.:

---

### 13. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	30.6.2008		31.12.2007	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Landsnet ehf., Reykjavík (enginn rekstur) .....	100,00%	500	100,00%	500
Netorka ehf., Reykjavík .....	37,18%	43.035	37,18%	41.095
Eignarhlutir í félögum samtals .....		<u>43.535</u>		<u>41.595</u>

### 14. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	30.6.2008	31.12.2007
Varahlutir og efnisbirgðir .....	<u>292.010</u>	<u>302.331</u>

### 15. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur:

Nafnverð viðskiptakrafna .....	446.129	710.677
Ýmsar skammtímakröfur .....	<u>56.431</u>	<u>14.606</u>
	<u>502.560</u>	<u>725.283</u>

### 16. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

	30.6.2008	31.12.2007
Óbundnar innstæður .....	<u>1.574.455</u>	<u>984.259</u>

### 17. Eigið fé

#### Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.903 milljónir króna í lok tímabilsins. Félagið á engin eigin bréf. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

## Skýringar, frh.:

### 18. Langtímaskuldir

Hér eru upplýsingar um sammingsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

	30.6.2008	31.12.2007
Langtímaskuldir greinast þannig:		
Verðtryggt skuldabréfalán frá móðurfélagi í íslenskum krónum, vextir 4,21% .....	32.314.248	29.915.095
Lánasamningur í svissneskum frönkum (CHF), Libor + álag .....	4.573.338	3.238.789
	<u>36.887.586</u>	<u>33.153.884</u>

Skuldabréfalánið er verðtryggt kúlulán með lokagjalddaga árið 2020 og vaxtagjalddaga einu sinni á ári. Lánasamningur er í svissneskum frönkum og hvert vaxtatímabil 6 mánuðir.

<i>Afborganir greinast þannig á næstu ár:</i>	30.6.2008	31.12.2007
Árið 2012 .....	228.667	161.939
Síðar .....	36.658.919	32.991.945
	<u>36.887.586</u>	<u>33.153.884</u>

### 19. Skuldbinding vegna niðurrifs

*Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:*

	30.6.2008	31.12.2007
Staða 1.1. ....	447.154	420.441
Núvirðing tímabilsins .....	13.976	26.713
Staða í lok tímabils .....	<u>461.130</u>	<u>447.154</u>

Í samræmi við staðal IAS 16 skal stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna innifela áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Áætlaður niðurrifskostnaður lína hefur verið metinn og síðan núvirtur byggt á forsendum um endingartíma. Á móti hefur verið færð upp skuldbinding meðal langtímaskulda. Í gegnum rekstrarreikning er færð til gjalda hækkun á skuldbindingunni vegna núvirðingar auk afskrifta á niðurrifskostnaði.

### 20. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins reiknar í lok hvers árs þá áföllnu lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári. Tryggingafræðilegt mat miðast við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%. Áætluð hefur verið 8 milljóna króna hækkun á tímabilinu.



## Skýringar, frh.:

---

### 21. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	30.6.2008	31.12.2007
Viðskiptaskuldir .....	516.088	661.506
Víxilskuld við lánastofnun .....	3.705.695	3.466.002
Aðrar skammtímaskuldir .....	151.149	185.704
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals .....	<u>4.372.932</u>	<u>4.313.212</u>

### 22. Aðrar upplýsingar

Félagið er aðili að tveimur matsmálum sem rekin eru fyrir Héraðsdómi Austurlands. Matsmálin tengjast fjárhæð eignarnámsbóta vegna framkvæmda við Fljótsdalslínur 3 og 4 en félagið undi ekki niðurstöðum matsnefndar eignarnámsbóta. Niðurstaða úr matsmálunum lá fyrir í lok desember 2007 og var hún í meginráttum í samræmi við niðurstöður matsnefndar eignarnámsbóta. Málsaðilar hafa ekki enn ákveðið hvort samið verði um greiðslur eða hvort mál verði höfðað fyrir dómstólum til að fá úrlausn ágreiningsins. Í árslok 2007 hafði Landsnet hf. greitt viðkomandi landeigendum stóran hluta þeirrar fjárhæðar sem matsnefnd eignarnámsbóta taldi að félagið skyldi greiða. Er það mat stjórnenda að mögulegar viðbótargreiðslur muni ekki nema verulegum fjárhæðum. Niðurstöður þessara matsmála geta haft áhrif á fjárhæð bótagreiðslna til annarra sem ekki voru aðilar að umræddum málum.

Í samræmi við ákvæði 12. gr. raforkulaga 2006 nr. 65 ber félaginu að taka tillit til þess ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfið valdi auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins og með sama hætti taka tillit til þess ef tenging hefur í för með sér hagkvæmari uppbyggingu eða nýtingu flutningskerfisins. Í lok árs 2007 tók félagið í notkun Fljótsdalslínur 3 og 4 auk tilheyrandi tengivirkja. Ekki hefur farið fram uppgjör við viðkomandi stórnotanda en líklegt þykir að félagið þurfi að greiða svokallað kerfisframlag þar sem umrædd flutningsvirki munu leiða til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar flutningskerfisins. Í lok tímabilsins liggur ekki fyrir um hve háa fjárhæð er að ræða.